



# Endurhæfing eftir kórónuveiruveikindi

## SVIÐSLJÓŠ

Guðni Einarsson  
gudni@mbl.is



**E**ndurhæfing fólks með eftirköst vegna Covid-19 hófst aftur á Reykjalundi í síðustu viku eftir nokkurt hlé. Stefán Yngvason, framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalundi, segir að 47 hafi verið búnir að ljúka endurhæfingu í febrúar. Nú eru 20 byrjaðir í meðferð. Endurhæfingin tekur að jafnaði sex vikur, fimm daga í viku, og það dugar flestum.

„Við höfum fengið um 80 beiðnir um þjónustu,“ segir Stefán. „Eitt-hvað er um að beiðnir séu sendar á fleiri staði eins og Heilsustofnun. Við erum í samstarfi við hana um að sinna þessu fólki. Þarfir þess eru mjög misjafnar, eins og gengur. Stór hluti af hópnum á Reykjalundi er á vinnumarkaði og margir yngri en sextugir.“

Biðlistinn eftir endurhæfingu hefur lengst jafnt og þétt en heldur hefur dregið úr áskókninni miðað við hvernig hún var fyrir á árinu. Stefán segir að fólk viti að þau á Reykjalundi gátu ekki annað eftirspurninni um tíma og þurftu að hætta endurhæfingunni tímabundið.

Sjúkratryggingar Íslands segja í tilkynningu að heilsugæslan muni vísa sjúklingum í sérhæfð endurhæfingarræði á Reykjalundi og Heilsustofnun. Einnig geta sérgreinalæknar á sjúkrahúsum og einkastofum sent tilvísanir til þessara stofnana.

### Ákveðin sérhæfing

Stefán segir að ákveðin sérhæfing sé á milli Reykjalundar og Heilsustofnunar. Þannig hafi Heilsustofnun mikið sinnt fólki með síþreytu í gegnum tíðina og gjarnan tekið að sér þá sem finna til síþreytu eftir Covid-19-veikindi. Sjúklingahópurinn sem farið hefur á Heilsustofnun er ívið eldri en þeir sem fengið hafa þjónustu á Reykjalundi.

„Reykjalundur hefur meira einbeitt sér að fólki á vinnufærum aldri,“ segir Stefán.

Um 65% þeirra sem fengu endurhæfingu í fyrra komu af höfuðborgarsvæðinu og 35% af landsbyggðinni. Stefán segir að á Reykjalundi séu gistirými sem eru fyrst og fremst ætluð fólki af lands-



Ljósmynd/Aðsend

**Reykjalundur Margir sjúklingar hafa fengið endurhæfingu þar eftir kórónuveiruveikindi. Myndin er úr safni og tengist ekki Covid sérstaklega.**

byggðinni sem getur gist þar.

Sjúkratryggingar segja að þekking á endurhæfingu sjúklinga sem hafa veikt af Covid sé takmörkuð á þessu stigi. „Ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um t.d. hlutfall sjúklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda né upplýsingar um það hvaða einkenni kalla helst á endurhæfingarþjónustu. Alvarleiki veikinda við sýkingu af völdum kórónuveirunnar segir ekki endilega til um þörf fyrir endurhæfingu. Þjónustan verður skipulögð út frá einkennum hvers um sig,“ segir m.a. í tilkynningunni.

Ahersla verður lögð sérstaklega á greinargöða skráningu á meðferðarmarkmiðum og ítarlegt mat á árangri. Þannig á að verða unnt að meta áhrif meðferðar með skipulegum hætti. Á grundvelli þess mats og niðurstaðna erlendra rannsókna verður þjónustan þróuð. Reiknað er með að skipulag þjónustunnar verði endurskoðað í haust.

Stefán segir að samhliða endurhæfingunni á Reykjalundi fari fram rannsókn sem sjúklingunum er boðið að taka þátt í. Gerðar eru staðlaðar mælingar í byrjun og lok endurhæfingarinnar. Hugmyndin er að komast að því hvað virkar best og hvort eitt-hvað virkar síður.

## ENDURHÆFING COVID-19

### Þjónustan veitt víða

Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við Reykjalund og Heilsustofnun Náttúruvæðingafélags Íslands (HNLFI) um þjónustu fyrir þá sem þurfa á sérhæfðri endurhæfingu að halda eftir að hafa veikt af Covid-19. Þeir sem þurfa tiltölulega einfalda endurhæfingu eftir veikindin fá aðgang að henni innan heilsugæslunnar. Flóknari þjónusta verður veitt á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Samningarnir eru liður í fjölbreyttri þjónustu sem heilsugæslan, endurhæfingastofnanir og sjúkrahús munu veita í samstarfi við Sjúkratryggingar a.m.k. til að byrja með.

Þeir sem eru í mestri þörf eiga að hafa greiddastan aðgang að endurhæfingu við hæfi.



Stefán Yngvason